

ÁRÓÐUR

Fréttabréf Ármanna

Máí 2010

Í draumi sérhvers manns býr fluga



Það rignir. Ég móki upp í sófa og hlusta á dropana dansa á rúðunum og vindinn syngja í trjánum. Hálf-samhengislausar myndir þjóta fyrir hugskoti mér, það er engu líkara en óveðrið fyrir utan sé komið inn í huga minn. Eitt andartak finnst mér ég vera kominn í veiðihús upp á heiði, liggja í fleti mínu eftir erfiðan morgun og velta fyrir mér hvaða flugu ég ætti að bjóða þessum sérvitru silungum upp á svo þeir fari nú að taka. Ætli þetta verði sumarið þegar ég loks kemst til veiða í vötnunum sunnan Tungnaár, hugsa ég með mér, það skyldi þó aldrei verða?

Svo fer allt á fleygiferð aftur innra með mér og þegar rofar til birtist hún mér, gamla, appelsínugula kaststöngin mín. Í hугanum þýtt ég til baka nokkra áratugi og er aftur kominn upp í Skálar, eins og tjarnirnar tvær uppi í fjalli voru kallaðir. Þangað var klukkutíma gangur fyrir 10 ára stráka, lengur ef berin voru komin. Við fylgdum læknum nær alla leið, en vikum frá honum síðasta spölinn og fórum upp skriðuna. Þegar við loks komum upp eftir vorum við orðnir þreyttir, en þreytan hvarf undireins og við sáum fiskinn vaka og glampa á kviði. Það hvein í hjólunum þegar við köstuðum spúnunum og fyrstu bleikjurnar lágu fljótlega í valnum. Ekki

man ég hversu margar þær urðu fyrir rest þennan dag, í minningunni eru þær óteljandi, en sjaldan finnst mér ég hafa séð jafnfallegan afla úr íslensku vatni; allt feitar og pattaralegar fjallableikjur, þær stærstu vel á fimmta pund.

Ætlarðu ekki að ryksuga, heyrir ég að einhver spyr langt í burtu en áður en ég get brugðist við er mér aftur svipt inn í draumaheima.

Hvaða fluga var það aftur sem ég átti að nota, segi ég við sjálfan mig, og svo er ég kominn austur í Grenlæk í ágústbyrjun. Það er kyrr og fallegur dagur og við erum búnir að veiða okkur niður Flóðið og komnir í Trektina. Skyndilega er þrifið þéttingsfast í Flæðarmúsina og góður silungur tekur strikið. Einn félagi minna háfar fiskinn fimm mínútum síðar. „Svo hann er þá mættur,“ segir hann svo þegar við däumst að silfrudum sjóbirtingnum.

Úr útvarpinu berast fréttir af eldgosinu fyrir austan, kannski fer nú sjálf Katla að vakna. Líklega er þá ekki heppilegt að vera við veiðar í Vatnsá, hvísla ég að sjálfum mér, og aftur upplifi ég þennan dásamlega októberdag í haust þegar við röltum niður með ánni í leit að ármótunum við Kerlingardalsá. Smyrill sveimaði yfir okkur og annað slagið heyrðist einmanalegt hljóð í spörfugli sem

gleymt hafði að fara með hinum, eða kannski var bara orðinn of gamall fyrir flugið. Alls staðar voru fiskar, sumir tóku en aðrir fylgdust bara með okkur úr hæfilegri fjarlægð.

Ég bylti mér og finnst allt í einu ég vera umkringdur fiskum. Þeir glenna upp kjaftinn og reyna að glefsa í mig. Eitthvað ber fyrir augun og skyndilega missa þeir allan áhuga á mér en keppast hver og einn við að ná í hinn óboðna gest. Ég hvessi augun í draumalandi. Þetta er flugan, sú sem ég myndi rótfiska á í sumar, silung, lax og meira að segja flundru, jafnvel ál, ef ég bara næði að muna hvernig hún er þegar ég vakna.

Hvernig leit hún út, spyr ég konuna þegar hún minnir mig aftur á ryksuguna. En það er of seint, töfraflugan er horfin úr minni mér. Ég næ í fluguboxin og skima örvæntingarfullur eftir flugu sem minnir á draumafluguna, en allt kemur fyrir ekki. Það hálfpartinn þyrmir yfir mig, en svo rifjast mér upp fyrir mér að Ármaður metur íþrótt umfram aflamagn og er hófsamur í veiði. Ég brosi með sjálfum mér, lygni aftur augunum og finn hvernig tilhlökkunin um sumarið hríslast um mig allan.

Rabbað við Ármann nr. 382

um píkokkmenn og aðra menn, göfugt málefni og furðulega áttthagafjötra veiðimanna við Hlíðarvatn



Árni Þór með allt í keng á Sage sexu en á hinum endanum er 69 cm hrygna með Sigga Ben Sólageisla í kjaftinum (sjá uppskrift í septemberblaði Áróðs 2009). Veiðifélaginn er Stefán Karl Segatta (#494).

Í fluguhnýtingarkeppni Krabbameinsfélagsins sl. vor hreppti Árni Þór þriðju verðlaun fyrir fluguna Svartan flotkrabba. Árni Þór Sigurdsson ólst upp frá blautu barnsbeini við veiðiskap og félagsstúss í Ármönnum. Faðir hans var Sigurður Hafsteinn Benjamínsson, fv. formaður félagsins (#368). (Sigurður lést 9. júní 2009 og var hans minnst í septemberhefti Áróðs.). Tíðindamaður Áróðs náði í skottið á Árna í örstutta stund í blíðu helgarveðri í byrjun máí, þegar allir heiðarlegir Ármenn eru komnir úti.

Ég var 14 ára þegar keppti fyrst

í fluguhnýtingum. Það var 1984 og keppnin var á vegum ÍTR, haldin í Réttarholtsskóla ef ég man rétt. ÍTR skipulagði ýmiskonar keppni í skólum og þetta var ein af þeim. Við áttum að hnýta eftir uppskrift, eina silungaflugu og eina laxaflugu. Peter Ross var silungaflugan og líklega var Blue Charm laxaflugan. Pabbi var í dómnefnd en eins og honum var tamt þegar kom að heiðarleika þá vék hann sæti þegar mínar flugur voru dæmdar. Ég vann gull í báðum flokkum.

Svo var haldin stór hnýtingakeppni í Norræna húsinu, að mig minnr

rétt fyrir 1990. KK og Litla flugan stóð fyrir þeirri keppni í tengslum við einhverja veiðisýningu. Þarna átti að hnýta Thunder and Lightning en ég var ekki mjög reyndur í fjaðravængjunum þá og fékk ekki nein verðlaun.

En í keppni Krabbameinsfélagsins þurfti ekki að fylgja neinni sérstakri uppskrift og það er auðvitað allt annars konar keppni.

Uppskriftir eða eigin verk

Mér gengur fínt að fylgja uppskriftum, ég er svona „peacock“-maður. Ég á ekki margar frum-samdar, kannski tvær til þrjár. Ég var frjórri í þessu um tvítugt, þá hnýtti ég nokkrar straumflugur eftir eigin hugmynd. Rafn Hafnfjörð eignaðist nokkrar slíkar og náði laxi á eina þeirra en sú fluga er löngu gleymd.

Hér áður, þegar við bræður vorum að alast upp þá var pabbi af lífi og sál í félaginu og við fylgdum honum eins og hvolpar, hvort sem það var í veiðitúrum, hnýtingum á Skemmuveginum, hér í Árósum eða í einhverju öðru félagslífi. Svo fær hann kransæðaprengingar 1989 og fleiri hjartatengda sjúkdóma í kjölfarið og dettur meira og minna út úr starfi Ármanna og þá duttum við bræðurnir út líka.



Ármenn nr. 382 og 705 deila veiðigeði með félögum sínum á Grænlandi haustið 2006.

Nú er maður aftur farinn að upplifa Ármenn eins og sama félagsskap og var fyrir 20 árum. Mér finnst eins og félagið hafi verið í lægð en nú er greinilega uppsveifla í því. Sjáði til dæmis vorfagnaðinn, þar sem var troðfullt hús og mikil stemning. Og Hlíðarvatnshreinsunina, þarna voru 30 manns, sterkur og góður hópur, Stebbi með magnaða kjötsúpu handa öllum, og maður upplifði þessa gömlu stemningu eins og hún var hér áður fyrr.

Slaufan kveikti

Ég hef satt að segja ekki hugsað mikið um fluguhnýtingar í nokkur ár, en vaknaði aftur til lífsins á síðasta ári, eftir að pabbi dó. Ég ákvað strax að ég yrði að taka þátt í þessari keppni, tengingin við andlát pabba og krabbamein var svo sterk. Það fyrsta sem ég hugsaði var að gera eitthvað með bleiku krabbameinsslaufuna. Í fyrstu vann ég bara með þessa bleiku en mér fannst flugurnar ekkert verða sérlega veiðilegar. Samt fer ég niðreftir til að skila inn flugunum – það er á fimmtudegi – og sé þá að til eru margir litir á slaufum, allt eftir því hvert krabbameinið er. Og þá fer ég heim og hnýti þessa sem ég skila svo á föstudegi. Ég hef ekki enn

Svartur flotkrabbi, 3. sæti

Öngull: Grubber no 10-14

Tvinni: Svartur

Stélstubbur: Hvítt Wapsi PP Floating Yarn

Bolur: Svart Shrimp Latex Foil

Vöf: Finn gull vír

Háls: Svört selshár dubbuð

Vængur: Hvítur svampur klipptur í mjóa ræmu og hnýttur ofan á miðjan hálsinn. Látinn mynda slaufu í líkingu við krabbameinsslaufuna.

Haus: Svartur

prófað verðlaunafluguna en hún verður það fyrsta sem reynt verður á fisk í upptöku í sumar.

Framundan í sumar

Ég fer í Hlíðarvatn í lok maí. Það er skemmtilegt hvað menn hafa mismikið dálæti á svæðum Hlíðarvatni eftir því í hvaða veiðifélagi þeir eru. Hafnfirðingarnir stunda sitt svæði kringum sitt hús og Ármenn eru aðallega í Botnavík. Nú í dag (9. maí) er akkúrat eitt ár síðan ég var þar með pabba í síðustu veiðiferðinni hans.

Ég fer svo í Veiðivötn í lok júní með mági mínum og aftur viku seinna með fjölskyldunni, þá verða 20 manns og fullt af krökkum. Svo fer ég í Sogið í lok ágúst með Hjálmarari formanni húsnefndar. Hann ætlar að kenna mér að veiða bleikju. Að öðru leyti ætla ég líka að nýta mér Veiðikortið og skreppa tvisvar í Elliðaárnar.

#643 skráði

Furðuflugur Stefáns B. Hjalested



Flugu á mynd hnýtti og smíðaði Árni Þór Sigurðsson. Hann og faðir hans Sigurður Benjamínsson færðu Stefáni gripinn að gjöf í eina af mörgum stórafmælum hans. Þetta er enginn smá smíð. Þvermál haus upp. 5 cm. og heildarlengd flugu upp. 30 cm. Því er merki félagsins haft með til samanburðar.

Það veiðast bara stórir fiskar á stórar flugur, eða hvað?



Þessa flugu hnýttu feðgarnir Kolbeinn Grímsson og Guðni Kolbeinsson og gáfu Stefáni B. Hjalested í tilefni stórafmælis. Ef grant er skoðað þá sést að þetta er nákvæm eftirmynd af Stefáni. Kokkabuxur, kokkahúfa með rauðum lubba undan og sígarettan í munnvikinu.

Scott
flugustangir

SÖLUSTADIR:

Reykjavík: Intersport
og Veiðiportið

Akureyri: Hornið

um bakteríusmit í Hafnarfirði, hlutföll votflugunnar og hvernig maður getur lært að hnýta sér verðlaun

Ingvar Ingvarsson hefur veitt frá ungum aldri, enda upp alinn í fjölskyldu veiðimanna. Honum varð fljótt ljóst að nauðsynlegt er að hnýta sínar eigin flugur og hefur verið þeirra gæfu aðnjótandi að kynnafrábærum fluguhnýturum og læra af þeim. Í fluguhnýtingarkeppni Krabbameinsfélagsins í vor hreppti Ingvar fyrstu verðlaun fyrir fluguna Búbba. Tíðindamanni Áróðs tókst að góma hann í stutt viðtal í byrjun maí.

Ég er innfæddur Hafnfirðingur og byrjaði minn veiðiskap með eldri bræðrum mínum í Hlíðarvatni á árunum 1974 til 1975. Þá var fluguveiðin að verða aðalmálið og Sveinn, elsti bróðir minn, útskýrði fyrir mér að það þýddi ekkert að ætla sér í fluguveiði nema hnýta sjálfur. Ég fór í Sportvörugæðina, sem þá var í Hlíðunum, og þar lét Sveinn mig kaupa væs og eitthvert efni. Hann kenndi mér að setja þráðinn á og hnýta lokahnútinn, og sagði svo: „Þú sérð sjálfur hvernig á að gera restina.“ Þannig byrjaði það.

Ég fékk ekki bakteríuna alveg strax, en það gerðist um fimm árum síðar. Bræður mínir þrír hnýttu og ég lærði af þeim, og svo fékk ég mér bækur – fullt af bókum – mest enskar bækur og ég stúderaði þær mikið. Hafnfirðingar voru með hnýtingakvöld á fimmtudögum niðri í Lækjargötu og ég var dreginn þangað. Þar sá maður þessa snillinga að störfum og settist yfir þá til að læra.

Svo var það um 1990 að ég kynntist öndvegishnýtara, Sigurjóni Ólafssyni. Við unnum saman í álverinu og það var er ekki talað um annað í vinnunni, í mat og kaffi. Hann var í þessu af fullri alvöru og fékk einhvern tíma verðlaun í nokkrum riðlum hjá Mustad, að ég held í 2. og 3. sæti. Ég lærði mikið af honum, en hann var held ég meira í að hnýta en veiða.

Verðlaunaflugur

Ég hef einu sinni áður fengið verðlaun í svona keppni, það var fyrir ellefu árum. Árvík og Sportveiðiblaðið blésu til fluguhnýtingakeppni árið 1999, og þá lagði Sigurjón að mér að taka þátt í henni. Það átti að hnýta



Ármaður nr. 739 nýtur veru sinnar við

Víðihólma í Vatnsdalsá með tvílitan orange og svartan nobler.

tvær flugur, Peter Ross silungaflogu og Night Hawk laxaflugu. Það var nákvæmlega gefið upp hvaða öngla átti að nota og hvaða efni varð að vera í flugunni. Þetta var ekki original-efnið, og mér var sagt að það væri til þess að menn gætu ekki keypt flugurnar tilbúnar. Kolbeinn (#73) var víst formaður dómnefndar og stjórnaði þessu.

Þetta var mjög sérstakt efni og erfitt að ná vængnum á Night Hawk. Ég var sjálfur í vafa um þennan væng hjá mér en sendi flugurnar samt inn og fékk verðlaun fyrir báðar. Þetta kom sér vel því verðlaunin voru vegleg, veiðstöng, hjól og vöðlur, og allt af bestu gerð.

Eftir bókinni

Ég á erfitt með að hnýta nákvæmlega eftir uppskrift þegar ég hnýti veiðiflugur fyrir sjálfan mig. Hins

vegar kenndi ég hnýtingar um árabíl, fyrst í veiðibúð Lalla en eftir að hún hætti hef ég kennt suður í Straumsvík. Ég held að þar hafi ég kennt yfir 50 manns að hnýta og það er mest fólk sem vinnur á staðnum. Í kennslunni verður maður að fara ofan í þetta eins og á að gera samkvæmt bókunum og hafa hlutföllin eins og þau eiga að vera. Öll hlutföll miðast við krókinn og því er mikilvægt að skilgreina krókinn af nákvæmni.

Ég teikna krókinn alltaf upp og miða fyrst við klassíska votflugug. Lengdin á búknum er frá haus að agnhaldi, vöfin fimm, skeggið tveir þriðju að oddi, vængurinn er lengdin að bug og víddin á að vera gapið á króknum, en stélið er eitt og hálf gap, en það er sama og legglengd á venjulegum krók.

Ef þú ert með kinnar eiga þær að vera helmingur af væng, og annað efni þar utaná helmingur af því, eins og til dæmis á Night Hawk, þar sem þessi blái fallegi kingfisher (bláþyrill), leggst utaná kinnar af skógarhana.

Ég hef stundum fengið fisk á það sem ég hef samið. Ég man sérstaklega eftir einni sem ég fékk á í Laxá í Mývatnssveit. Ég var þá nýfarinn að dubba og hafði fengið mér selshár en gekk illa að koma því á legginn. Mér hafði samt tekist að troða þessu efni á straumflugukrök, svart og rautt með einhverju baki og ósköp ólánlegt. En ég fékk á hana við Hagatána, en síðan aldrei meir – og þessi fluga hefur ekki verið hnýtt aftur.

Búbbi byrjaður að veiða

Konan mín hvatti mig til að taka þátt í þessu. Hún hefur náð fullum bata eftir brjóstakrabba sem greindist hjá henni árið 2005 þannig að maður ber hlýjan hug til Krabbameinsfélagsins. Hún fann líka upp nafnið enda mjög hugmyndarík.

Það skemmtilega núna var að ég fékk fyrsta silung sumarsins á grænt afbrigði af þessari verðlaunaflugu, 39 sm bleikju. Við vorum í Hlíðarvatni núna í vikunni og þessi kom á strax um kvöldið. Ég hef mikla trú á grænum lit í Hlíðarvatni. Daginn eftir fengum við 22 fiska, flesta í Hlíðarey, og það var mest á þíkökk með grænu glo-brite í kraganum í stað þess rauða.

Ég hef farið í Hlíðarey á vorin síðan ég var 11 ára, og lærði fljót-



Búbbi, 1. sæti

Öngull: Grubber nr. 10-14

Búkur: Blýræma (undir), rauðgult 'Uni Yarn' og brúnt 'scudback' plastefni

Skegg: Brúnar cdc-fanir

Hlíðar: Fashanafjaðrir sem mynda lykku

Preifarar: Fashanafjaðrir

Bak: Brúnt 'scudback'-plastefni

Brjóst: Brúnt og svart dubbefni í jöfnum hlutum

Haus: Svartur

lega að maður ætti að kasta í átt að Mölinni. Svo er Mosatanginn líka góður á vorin, en í Kaldósnum er alltaf fiskur. Þegar ég var með Hafnfirðingunum fórum við mikið í Hjalltangann, það er mjög góður staður og vænir fiskar.

Framundan í sumar

Næst fer ég á silungasvæðið í Vatnsdal í endaðan maí, og svo þarf ég að taka út vinninginn í Laxárdal 20. til 23. júlí, en að öðru leyti ætla ég að nota Veiðikortið vel.

#643 skráði



Ljóð

Nú er kominn tími til að gera Áróð menningarlegri með t.d. bókmenntaverkum – og láta það aðeins skyggja á montíð og rembinginn í veiðimönnum! Ég þýddi tvö ljóð eftir Breta sem hafa þetta að segja:

Bórður Helgason

Veiðar

Það er hárfín lína milli þess að veiða og þess að standa á bakkanum eins og bjáni.

Gerard Benson

Veiðimenn á Örkinni

Nói sendi til silungsveiða synina en mælti: „Sko, þið læðist um og ekki talið; ég á bara maðka tvo.”

Celia Warren

FLUGUKASTIÐ

Formáli

Í vetur átti tíðindamaður Áróðs leið til Þorsteins Þorsteinssonar. Þorsteinn sló á létta strengi og fór að tala um fluguköst. Hann rétti tíðindamanni ljósritað blað á ensku og sagði: „Ef þú vilt kasta almennilega skaltu lesa þetta.“ Eftir að tíðindamaður hafði snarað fyrirmælunum á íslensku eftir bestu getu og farið með þau í kollinum til veiða í Hlíðarvatni getur hann staðfest að þau svínvirka, jafnvel í hífandi roki. Með því að hafa sérstaklega í huga það sem feitletrað er í leiðbeiningunum urðu köstin miklu betri. Og það sem meira er: Tíðindamaður fann ekki fyrir harðsperrum eftir þennan fyrsta heila veiðidag sumarsins. Sá sem tók þetta saman hefur vitað að einmitt þau atriði eru oftast vitlaus hjá okkur sem lítið getum kastað.

Meðfylgjandi myndir til skýringar eru teknar út bæklingi sem lengi var hluti af námsefni á kastnámskeiðum Ármanna í íþróttahúsi Kennaraháskólans sáluga.

Leiðbeiningar um flugukast

Áður en línunni er lyft úr vatninu ber að hafa hugfast að halda stangarendanum **alveg niður við vatnsborðið**. Þegar línunni er lyft upp á **ekki að draga handlegginn aftur** – heldur **lyfta honum upp**. **Alls ekki beygja úlnliðinn fyrir en höndin og handleggurinn eru komnir í brjóst hæð** eða örlítið hærra.

Á því augnabliki **verður** að beygja úlnliðinn og samtímis einbeita huganum að því að skvettastangarendanum í áttina að **stjörnu** ofan við hnakkann nokkurn veginn í áttina 12:30 og alls ekki aftar en 1:00. Á þessari stundu **hleóst stöngin öllu ykkar afli**. Þessi hreyfing skilar fínu **háu** bakkasti.

Næsta skref er að láta **reka** – **reka** – **reka** aftur á bak með **handlegg** og stöng þar til stöðunni 2:00 er náð og um leið getið þið **lækkað** handlegginn í ögn þægilegru stöðu, í axlarhæð. (Það sem hér er kallað „rek“ hafa aðrir kallað „færslu“, á ensku „drift“)

Meðan á öllu þessu stendur færast línán aftur fyrir ofan höfuðið og réttir úr sér, og yfirleitt hefur hún rétt alveg úr sér um það leyti sem veiðimaðurinn hefur lokið rekinu, svo með þessu næst nánast sjálfvirk samstilling í tíma.

Framkastið hefst með handlegg, hönd og stöng fyrir aftan ykkur – eins langt og þið náðið með þægilegu móti. Með stöngina í stöðunni 2:00 og olnbogann lítillaga boginn, er farið af stað í framkastið með stöngina í óbreyttum halla en með sívaxandi hraða, og þegar höndin kemur fram fyrir veiðimanninn á hún að vera að minnsta kosti í sömu hæð eða ögn hærra.

Á þessari stundu, **rétt áður en** handleggurinn mundi réttast út sjálfkrafa (við munum að olnboginn átti að vera aðeins boginn), – venjulega um spönn frá þeim punkti þegar kastið er leyst úr læðingi – **þá er stönginni velt snögglega með úlnliðnum yfir í stöðuna 10.30**, og þar með er **kastið leyst úr læðingi**. Haldið stönginni **uppi** – **uppi** – **uppi**, þangað til kastinu er að fullu lokið og línán lent á vatninu.

#643 snaraði


Athugasemd um kastkunnáttu Ármanna

Í síðasta hefti Áróðs hafði Stefán B. Hjaltested það eftir Þorsteini Þorsteinssyni að enginn í félaginu kynni að kasta.

Þorsteinn Þorsteinsson hafði samband við blaðið og vill að það komi skýrt fram að þótt hann hafi einhvern tíma látið einhver orð falla í þessa veru í gáláusu spjalli við Stefán þá ber alls ekki að taka þau bókstaflega. Að sjálfsgöðu eru mjög margir Ármenn gríðarlega flinkir kastarar, og sennilega eru Ármenn almeint flinkari að kasta flugu en gengur og gerist.

Rifjum nú upp

1. Lyftið línunni upp með stangarendann **alveg við vatnsborðið**.
2. Lyftið línunni **upp**.
3. Beyggið úlnliðinn á **allra síðustu stundu og skvettið stönginni upp**.
4. Leysið afl kastsins úr læðingi í stöðunni 12:30 eða 1:00
5. **Látið reka** aftur með stöng og handlegg, og „læsið“ þá samtímis olnbogann. Með því að lækka handlegginn er farið með stöngina í stöðuna 2:00 – **enn fyrir aftan**.
6. Færið nú stöngina **fram** í láréttum fleti, eða örlítið uppávið. **Stangar höndin á að vera í sömu hæð í enda kasts eins og í upphafi kasts** -- eða **ádeins hærra**.
7. Á ákveðnum punkti í framkastinu – um það bil spönn frá lokum kastsins – **veltið þið stönginni með hreyfingu úlnliðarins í stöðuna 10:30** – og við það leysið þið kastið úr læðingi.
8. Haldið stönginni **uppi** þar til línán lendir á vatninu
9. Framkastið byrjar hratt og endar enn hraðar.
10. Í framkastinu er aflið fært mjúklega til stangarinnar frá upp hafi til enda. **Engir skrykkir leyfðir**.



Veiða og sleppa



Horft til Örfafjökuls yfir Fitjaflóðið, ég tók myndina # 737

Ég ólst upp við sögur af veiðum á fiskum úr Tungufljóti og öðrum gjöfulem sjóbirtingsám og lækjum til þess eins að metta heimilisfólkið. Í sögum þessum sem allar gerðust í Vestur-Skaftafellssýslu á árunum um og fyrir seinna stríð, notuðust menn ekki við fluguveiðigræjur. Aflinn, sem samanstóð af mörgum fiskum á stærð við læri á fullorðnum manni, var reiddur heim á hestum. Það var glampi í augum afa og gamalla frænda þegar þetta var rifjað upp. Glampi sem flestir kannast við sem eru með veiðibakteríu af einhverri gerð. Þarna var sáð fræjum veiðieðlis í stráklíng sem var mjög móttækilegur.

Í marsmánuði árið 1977 stíflaðist Skaftá af krappa og ishröngli við gömlu brúnnu á Kirkjubæjarklaustri. Við þetta flæmdist hún um flatirnar og móann milli brúar og upp undir Nýjabæ. Þetta var ekki óalgengt og var áin úfin og illileg á að líta. Full af skítugum krappa og ís. Þar kom að stíflan brast og áin ruddi sig. Eftir sátu jakar og hröngl. En líka stærðar tjarnir og pollar fullir af vatni og hornsílum. Áin og pollarnir neðan við skólann voru eins og segull á okkur krakkana. Þrátt fyrir marg endurteknar aðvaranir óðum við í þessum pollum og tjörnum sem var kalt fyrir berkríkaða krakka. Einhverjir fengu sér jafnvel sundsprett. Eftirá að hyggja var lukka að við fórum okkur ekki að voða. En við þetta vatnsgösl sáum við helling af sílum og svo allt í einu mikla röst í yfirborðinu! Æstust nú leikar. Við strákarnir hlupum um öskrandi af spenningsi en aðrir töldu að við hefðum bara séð rák eftir vindhviðu í yfirborðinu. Ekki entist fyrsti útivistartíminn sem var ein klukkustund milli kl. 16 og 17 hvern dag til að viðra okkur krakkana á heimavistinni, til að fá botn í málið. Allar frímínútur daginn eftir voru notaðar í að fylgjast með þessari stóru tjörn sem við héldum geyma risa-fisk. Svo kom loks langþráður útivistartími. Ég og nokkrir frændur mínir, allir á aldrinum 12-15 ára, brettum upp buxaskálmur og skiptumst á að vaða í tjörninni. Svakalega kalt! Allt í einu sáum við stóran skugga. Já, já, já! Þetta var innilokaður sjóbirtingur eftir flóðið. Rosalega stór!

En nú vandaðist málið. Hvernig ætluðum við að ná honum? Birtingurinn hélt sig á miklu dýpi í miðri tjörninni. Öllum brögðum var beitt, þó aðallega grjótkasti. Leið nú þessi dagur eins og sá fyrri án árangurs. Um kvöldið ræddum við þetta mikið hvernig við næðum tröllinu upp úr tjörninni. Við vorum á veiðum

en ekki í björgunarleiðangri hafi einhver haldið það. Síðdegis á 3ja degi hófumst við handa við að reka fiskinn uppá grynningar. Það gekk illa. Fiskur sem hafði séð hættur hafsins og Skaftár sá léttilega við stráklíngum sem beittu grjótkasti að hætti frummanna. Þar sem ég var hár til klofsins og óvatnshræddur gat ég vaðið djúpt. Okkur tókst að staðsetja legustaðinn. Nú dugði ekkert nema að vera á brókinni þrátt f. nístandi vorblíðu. Svo var fundinn svakalega stór steinn sem hægt var að jafnhenda fyrir ofan höfuð. Eftir nokkrar misheppnaðar tilraunir gerði ég úrslitatilraun. Óð upp að mitti og búmm! Uppúr vatninu skaust stærsti fiskur sem ég hafð séð augliti til auglitis. Svo varð allt kyrrt í blóðrauðri tjörninni. Mikill fögnuður braust út hjá okkur veiðimönnunum. Allir flýttu sér í buxurnar til að hlýja sér. Þvílíkur fiskur og mikið fyrir honum haft. En allt í einu urðu hetjurnar áhyggjufullar. Hvað ætluðum við að gera við fiskinn? Fara með hann heim eða í skólamötuneytið til ráðskonunar sem myndi kannski elda hann fyrir okkur? Ekkert af þessu kæmi til greina sagði frændi minn. Það var nefnilega bannað að veiða sjóbirting fyrir 1. apríl í Skaftá. Við yrðum „skrifaðir upp, flengdir og steiktir á teini“ eins og skáldið sagði.

Allt kapp er best með forsjá. Þessi fallegi birtingur fékk far með Skaftá til hafs en ekki eins og hann hefði kosið. Líklega hefur hann orðið hrafnafóður á aurunum neðan brúar.

737

Farið verður 11. júní í sameiginlega Ármannaferð í vötnin sunnan Tungnaár, Framvötnin.

Við eigum pantaða gistingu í skála í Landmannahelli aðfaranætur laugardags og sunnudags.

Fyrirkomulagið verður eins og áður, þannig að hver sér um sig varðandi bílferð, mat og drykk en veiðileyfi eru án endurgjalds fyrir Ármenn samkvæmt samningi við heimamenn.

Ármenn sem þekkja til á svæðinu verða með í ferðum, óreyndum til halds og trausts. Einn nafnalisti ræður forgangi í koju. Þeir sem ætla að tjalda þurfa að láta vita af sér. Munið að gefa ykkur alltaf fram í Landmannahelli áður en veiði er hafin og skila alltaf aflaskýrslu að lokinni veiði í Framvötnunum. Hafið félagsskirteini tiltæk og sjáanleg í bilglugga þegar farið er frá bíl við veiðivatn.

Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Guðmund Hauk í síma 822 0715 eða 567 8150

**Öll laus veiðileyfi
Ármanna eru
seld á leyfi.is**

Vorfagnaður



Vorblót Ármanna var haldið í Árósum 17. apríl s.l. Þar var húsfyllir og líklega aldrei fleirri mætt á viðburð sem þennann í Árósum. Sérstaklega ánægjulegt var að sjá marga upprennandi framtíðar veiðimenn og konur mætta til að gleðjast með okkur. Veitingar voru að hætti húsnefndar; brauðtertur, kökur, kaffi og gos.

Ármenn, Dugguvogi, 13 104 Reykjavík

Árni Þór Sigurðsson, Félagi #382

Árvík hf., Garðatorgi 3, 210 Garðabær

Bókaútgáfan Salka ehf., Skipholti 50c, 105 Reykjavík

Ellingsen, Fiskislóð 1, 101 Reykjavík

Ferðapjónustan, Seli 2, 801 Selfoss

Gallerí Flugur, Hryggjarseli 2, 109 Reykjavík

Garri ehf., Lynghálsi 2, 110 Reykjavík

Gróco ehf., Þverholti 14, 105 Reykjavík

Heiðarbær I, Heiðarbær I, 801 Selfoss

Hjálmar Sæbergsson, Félagi #594

I Guðmundsson, Skipholti 25, 105 Reykjavík

Icefin ehf., Nóatúni 17, 105 Reykjavík

Intersport, Bíldshöfða 2, 110 Reykjavík

Ísleifur Jónsson, Draghálsi 14-16, 110 Reykjavík

Járn og Gler efh., Skútuvogi 1h, 104 Reykjavík

Joakims co., Jón V. Óskarsson, Félagi #583

Aðal spenningurinn var vegna happdrættisins árlega og sívinsæla. Margir nytsamir vinningar voru í boði og ber að þakka sérstaklega þeim fjölmörgu einstaklingum og fyrirtækjum sem styrktu okkur með rausnarlegum framlögum. Hér að neðan er listi yfir styrkveitendur;

Kríunes ehf., Gistiheimili, Kríunesi Vatnsenda, 203 Kópavogur

Landeigendur Hreðarvatns, co. Baldur Hauksson

Laxá ehf., Akurhvarfi 16, 203 Reykjavík

Promens Tempa, Íshelli 8, 221 Hafnarfjörður

Radíóraf ehf., Smiðjuvegi 52, 200 Kópavogur

Reykofninn, Skemmuvegi 14, 200 Kópavogur

Skógræktarfélag Reykjavíkur, Elliðavatni

Stefán Bjarni Hjaltsted, Félagi #40

Strengir, Smáraríma 30, 112 Reykjavík

Veiðbúðinn v. Lækinn, Strandgötu 49, 220 Hafnarfjörður

Veiðiflugur.is, Kamsvegi 33, 104 Reykjavík

Veiðihornið, Síðumúla 8, 108 Reykjavík

Veiðisport ehf., Eyravegi 15, 800 Selfoss

Veiðivon Mörkinni 6, 108 Reykjavík

Veiðportið, Grandagarði 3, 101 Reykjavík

Vesturröst, Laugavegi 178, 105 Reykjavík

Würth á Íslandi ehf., Vesturhrauni 5, 210 Garðabær

Hafti einhver gleymst í þessari upptalningu er viðkomandi beðinn innilegrar velvirðingar á því.

Fluguhnýtingaefni

Mesta úrval landsins af fluguhnýtingarefni
Afsláttur til Ármanna
Vesturröst

Sérverslun veiðimanna - Laugarveg 178 sími 551 6770 www.vesturrost.is

ARMENN

Landsfélag um þjóðlega náttúruvernd og stangveiði með flugu.

Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík, sími 568 6051.

Ritstjórn og ábyrgð: Eiríkur I. Bjarnason, eirikur@wurth.is.

Umbrot: Dagur Jónsson. Prentun: Frum ehf. www.armenn.is / armenn@armenn.is